

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

99/EES/47/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 162/99/COL frá 9. júlí 1999 um að undanþiggja Noreg skyldunni að beita gerðinni sem um getur í lið 1.4 í III. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um markaðssetningu olíu- og trefjaturtafræja (tilskipun ráðsins 69/208/EBE) gagnvart tilteknum plöntutegundum 1
99/EES/47/02	Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) - Áætlunarflug á Íslandi samkvæmt skyldum um opinbera þjónustu 3
99/EES/47/03 4	Tilkynning til sammingsstofnana á sviði fjarskipta 4
99/EES/47/04	Tilkynning frá Noregi varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni 6

3. EFTA-dómstóllinn**III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

99/EES/47/05	Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1538 – DuPont/Sabanci) 7
--------------	---

99/EES/47/06	Tilkynning um samstarfssamninga (Mál nr. IV/37.669 – Mediterranean Cable Maintenance Agreement)	8
99/EES/47/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/KSE.1316 – RAG/Burton)	8
99/EES/47/08	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 20/99 - Frakkland	9
99/EES/47/09	Skrá yfir útgefnar gerðir frá framkvæmdastjórninni	10
99/EES/47/10	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	12

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUNEFTA

**Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 162/99/COL
frá 9. júlí 1999**

99/EES/47/01

**um að undanþiggja Noreg skyldunni að beita gerðinni sem um
getur í lið 1.4 í III. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska
efnahagssvæðið um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja
(tilskipun ráðsins 69/208/EBE) gagnvart tilteknum plöntutegundum**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. gr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 1.4 í III. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja (tilskipun ráðsins 69/208/EBE), einkum 22. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c-lið 1. gr. í bókun 1,

með hliðsjón af beiðni sem Noregur lagði fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Fræ af hampi og opíumvalmúa eru alla jafna hvorki ræktuð né markaðssett í Noregi.

Meðan slíkt ástand varir ber að veita Noregi undanþágu frá þeirri skyldu að beita ákvæðum fyrrnefndrar gerðar gagnvart þessum tegundum.

Þessi undanþága tekur ekki til markaðssetningar í Noregi á frægum sem ræktuð eru í samræmi við gerðina í öðru ríki sem aðild á að EES-samningnum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um plöntur og fóður sem er Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Noregur er hér með undanþeginn skyldunni að beita gerðinni sem um getur í lið 1.4 í III. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja (tilskipun ráðsins 69/208/EBE), að undanskildum ákvæðum 1. mgr. 13. gr. gagnvart eftirfarandi plöntutegundum:

<i>Canabis sativa</i> L.	- Hampi
<i>Papaver somniferum</i> L.	- Opíumvalmúa

2. Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. júlí 1999.
3. Ákvörðun þessari er beint til Noregs.
4. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 9. júlí 1999

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Hannes Hafstein
stjórnarmaður

Bjarnveig Eiríksdóttir
starfandi deildarstjóri.

**Tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. 99/EES/47/02
gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn
(reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang
bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins)**

Áætlunarflug á Íslandi samkvæmt skyldum um opinbera þjónustu

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að hefja áætlunarflug frá 1. maí árið 2000 samkvæmt skyldum um opinbera þjónustu á eftirfarandi tveimur leiðum:

- Gjögur-Reykjavík
- Grímsey-Akureyri

2. Skyldur um opinbera þjónustu á þessum leiðum eru sem hér segir allt árið:

Gjögur – Reykjavík: Tvær ferðir fram og til baka vikulega, á mánudögum og fimmtudögum.

Grímsey – Akureyri: Þrjár ferðir fram og til baka vikulega, á þriðjudögum, fimmtudögum og sunnudögum.

Tímaáætlun

Gjögur – Reykjavík: Brottför frá Reykjavík kl. 09:00 eða síðar. Koma til Reykjavíkur eigi síðar en 17:00.

Grímsey – Akureyri: Brottför frá Akureyri kl. 09:00 eða síðar. Koma til Akureyrar eigi síðar en kl. 17:00.

Sætaframboð

Gjögur – Reykjavík:

Á tímabilinu 1. nóvember – 31. maí: Tvíhreyfla flugvél með a.m.k. sjö farþegasæti og fyrir 400 kg. farm.⁽¹⁾

Á tímabilinu 1. júní – 31. september: Tvíhreyfla flugvél með a.m.k. 6 farþegasæti og fyrir 200 kg. farm.⁽²⁾

Grímsey – Akureyri:

Tvíhreyfla flugvéla með a.m.k. níu farþegasæti.⁽²⁾

Fargjöld

Hámarksverð fyrir aðra leiðina má ekki fara yfir 5 500 ISK á leiðinni Gjögur-Reykjavík og 4 500 ISK fyrir aðra leiðina á leiðinni Grímsey-Akureyri. Breyta má miðaverði og fargjöldum í samræmi við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu, en eigi fyrr en 1. maí 2001, og eftir það ekki oft en á sex mánaða fresti.

Félagslegir afslættir skulu boðnir samkvæmt venju.

Farmgjöld

Gjögur-Reykjavík: Þjónustugjald á farm má ekki fara yfir 450 ISK, án VSK og kílóverð má ekki fara yfir 12 ISK án VSK á tímabilinu 1. nóvember til 31. maí.

3. Nánari upplýsingar fást hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7, P.O.Box 5100, IS-125 Reykjavík, ICELAND, sími:+354 530 1400 og bréfasími: +354 530 1414.

(1) Þetta þýðir að lágmarkskrafa er gerð um tvíhreyfla flugvél með a.m.k. tilgreindan fjölda farþegasæta sem og tilgreinda farmþyngd.

(2) Þetta þýðir að lágmarkskrafa er gerð um tvíhreyfla flugvél með a.m.k. níu farþegasæti.

Tilkynning til samningsstofnana á sviði fjarskipta⁽¹⁾**99/EES/47/03**

Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem samningsstofnunum á sviði fjarskipta í þeim EFTA-rikkjum sem eiga aðild að EES-samningnum er boðið að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA, samkvæmt 2. mgr. 8. gr. gerðarinnar sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti), um alla fjarskiptaþjónustu sem þær telja að sé undanþegin gildissviði gerðarinnar.

1. Eftirlitsstofnun EFTA býður hér með samningsstofnunum á sviði fjarskipta í þeim EFTA-rikkjum sem eiga aðild að EES-samningnum að tilkynna um sérhverja þá þjónustu sem þær telja að sé undanþegin gildissviði gerðarinnar sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 93/38/EBE)⁽²⁾, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. hennar, á þeim grundvelli að öðrum stofnunum sé fjárlst að bjóða sömu þjónustu á sama landsvæði og í meginatriðum með sömu skilmálum.
2. Eftirlitsstofnun EFTA mun skoða svörin sem berast frá samningsstofnunum, samkvæmt 2. mgr. 8. gr. gerðarinnar, með það í huga að undanþiggja þessar stofnanir ákvæðum gerðarinnar að því er varðar innkaup þeirra sem gerð eru í þeim tilgangi að veita fjarskiptaþjónustu í frjálsri samkeppni.
3. Þegar samkeppnisskilyrði á þeim mörkuðum sem vísað er til í svörum rekstraraðilanna verða metin, mun Eftirlitsstofnun EFTA byggja greiningu sína á þáttum sem benda til þess að um sé að ræða virka samkeppni, í reynd og að lögum, eins og um getur í dómi dómstóls Evrópubandalaganna frá 26.3.1996 í dómshálinu C-392/93 „The Queen gegn H.M. Treasury, fyrir hönd British Telecommunications plc.“⁽³⁾ í tengslum við túlkun á sömu grein í fyrri tilskipun.⁽⁴⁾
4. Eftirlitsstofnun EFTA mun m.a. telja til þátta sem benda til virkrar samkeppni það hvernig EFTA-rikkjunum sem aðild eiga að EES-samningnum gengur við að hrinda í framkvæmd réttarákvæðum sem liggja til grundvallar fullu afnámi hafta á fjarskiptamörkuðum og frjálsri veitingu fjarskiptaþjónustu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til nýrrar þjónustu í þessu samhengi og aukinnar samleitni fjarskiptaþjónustu, fjölmiðla og upplýsingatækni.
5. Viðkomandi samningsstofnanir eru því beðnar um að láta Eftirlitsstofnun EFTA í té allar sértækar upplýsingar, einkum um eiginleika umræddrar þjónustu, tilvist annarrar þjónustu og markaðsskilmála (einkum verð), sem liggja til grundvallar beiðni þeirra um beitingu 8. gr. Í þessu skyni eru þær beðnar um að tilgreina upplýsingar sem liggja til grundvallar yfirlýsingar þeirra samkvæmt 8. gr. Til dæmis væri æskilegt að hafa viðeigandi upplýsingar um helstu flokka fjarskiptaþjónustu sem yfirlýsingin nær til og um fjölda keppnauta sem bjóða eða geta boðið viðkomandi þjónustu.
6. Samningsstofnanir eru beðnar að vísa til þeirra flokka þjónustu sem þær telja undanþegna með því að styðjast við flokkunina í *orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 8. gr. tilskipunar ráðsins 93/38⁽⁵⁾*, sem er opinber talsímaþjónusta, almenn farsímaþjónusta, gervihnattaþjónusta og gagnþjónusta, að meðtalinni virðisaukaþjónustu, (símakort, Internet, endurhringingar (call back)).
7. Samningsaðilar eru einnig beðnir um að tilgreina hvort einhverjar uppgefinna upplýsinga teljist viðkvæmar með tilliti til viðskiptahagsmuna.

⁽¹⁾ Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar var birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins C 273, 2.9. 1998, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 199, 9.8.1993, bls. 84. Tilskipunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 7/94 sem gerð sem vísað er til í 4. lið XVI. viðauka. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 96/99 var gerð sem breytir þessari tilskipun felld inn í EES-samninginn. Til þessarar gerðar er vísað til í 2. undirlið 4. liðar XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/4/EB frá 16.2.1998 (Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 1)).

⁽³⁾ Dómasafn I-1631, 1996.

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 90/531/EBE frá 17. 9. 1990 um reglur um innkaup stofnana sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, flutningum og fjarskiptum (Stjtið. EB L 297, 29.10.1990, bls. 1). Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 7/94, kom tilskipun 93/38/EB í stað hennar sem gerðin sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 156, 3.6.1999, bls, 3.

8. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur rannsakað yfirlýsingarnar sem berast í kjölfar þessarar tilkynningar mun hún birta í upplýsingaskyni í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna skrá yfir þá þjónustu sem hún telur undanþegna skv. 8. gr.
9. Yfirlýsingar sem gefnar verða sem svar við þessari tilkynningu skulu sendar eigi síðar en fimm vikum eftir birtingu þessarar tilkynningar á eftirfarandi pósthfang:

EFTA Surveillance Authority, Goods Directorate, Rue de Trèves 74, B-1040 Belgium.

**Tilkynning frá Noregi varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 99/EES/47/04
94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun
leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

Lýst eftir umsóknum um vinnsluleyfi fyrir jarðolíu á norska landgrunninu –
16. leyfislotu

Norska olíu- og orkumálaráðuneytið lýsir hér með eftir umsóknum um vinnsluleyfi fyrir jarðolíu á norska landgrunninu í samræmi við a-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.

Umsóknir um vinnsluleyfi skulu sendar til:

Olje- og energidepartementet
Postboks 8148 Dep.
N-0033 OSLO
NORGE

eigi síðar en kl. 3 eftir hádegi 31. janúar 2000.

Stefnt er að því að úthluta vinnsluleyfum á norska landgrunninu í 16. leyfislotu í mars árið 2000.

Nánari upplýsingar fást hjá norska olíu- og orkumálaráðuneytinu í síma (47) 22 24 62 09.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1538 – DuPont/Sabanci)

99/EES/47/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 23.9.1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem fyrirtækið E.I. DuPont de Nemours and Company (DuPont), Bandaríkjunum og Haci Ömer Sabanci Holding A.S. (Sabanci), Tyrklandi, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar sameiginleg yfirlit yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni. Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið mun starfa að rannsóknum, þróun, framleiðslu og sölu á pólýestervörum í Evrópu, Breska samveldinu, Mið-Austurlöndum og Afríku.
2. Tilkynningin var lýst ófullnægjandi 5. október 1999. Viðkomandi fyrirtæki hafa nú lagt fram nánari upplýsingar og varð tilkynningin fullnægjandi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þann 21. október 1999. Þar með öðlaðist tilkynningin gildi 22. október 1999.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 311, 29.10.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1538 – DuPont/Sabanci, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1000 Brussels

(¹) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(²) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

Tilkynning um samstarfssamninga
(Mál nr. IV/37.669 – Mediterranean Cable Maintenance Agreement)

99/EES/47/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. október 1999 tilkynning í samræmi við 2. og 4. gr. reglugerðar nr. 17⁽¹⁾ um samninga milli 27 fyrirtækja sem annast viðhald og viðgerðir á neðansjávarfjarskiptaköplum.
2. Aðilar að tilkynntum samningum eru: Albtelecom Sh.A, Bulgarian Telecommunications Company Plc, Flag Ltd, France Télécom, Libyan General Directorate of Post & Telecommunications, Great Northern Telegraph Company, Hrvatska Telekomunikacije, Lebanese Ministry of Posts & Telecommunications, Maltacom Plc, Portugal Telecom, MED-1, Submarine Cables, Monaco Telecom, Itissalat Al Maghrib, Rom Telecom, Rostelecom, Sea Me We 2, Société Nationale des Télécommunications du Sénégal, Société des Télécommunications Internationales de Djibouti, Syrian Telecommunications Establishment, Telecom Italia S.p.A., Telefónica de España, S.A., Türk Telekomunikasyon A.S., Ukrainian State Telecommunications Enterprise, Westelcom, France Cables et Radio, Elettra TLC og Telecomunicaciones Marinas.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
5. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 20 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtíð. EB C 311, 29.10.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar með tilvísun til máls nr. IV/37.669 – Mediterranean Cable Maintenance Agreement, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission,
Directorate-General for Competition
Directorate C
Office 3/90
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/KSE.1316 – RAG/Burton)

99/EES/47/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. október 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 66. gr. sáttmálans um kola- og stálbandalag Evrópu (KSE-sáttmálinn) þar sem RAG Aktiengesellschaft (RAG) öðlast í skilningi 66. gr. KSE-sáttmálans yfirráð yfir 95% sameiginlega fyrirtækisins Burton Coal með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - RAG: Kolanám, kolaviðskipti og –innflutningur, framleiðsla á koxi, námavinnslutækni, orka og kemísk efni,
 - Burton: Kolanám.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

(¹) Stjtíð. EB 13 frá 21.2.1962.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 307, 26.10.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/KSE.1316 – RAG/Burton, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1040 Brussels

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 20/99
Frakkland

99/EES/47/08

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans (áður 2. mgr. 93. gr.) vegna fyrirhugaðrar aðstoðar við fyrirtækið Manufacture Corrèzienne de Vêtements (MCV) og við nýtt fyrirtæki á vegum MCV. Sjá nánar í Stjtið. EB C 298 frá 16.10.1999.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate G
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Brussels

Bréfasími: (+32 2) 296 98 16

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Frakkland. Heimilt er að fara skriflega fram á að farið verði með heiti þess hagsmunaaðila sem leggur fram athugasemdir sem trúnaðarmál, enda sé beiðnin rökstudd.

Skrá yfir útgefnar gerðir frá framkvæmdastjórninni**99/EES/47/09**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi gerðir(*):

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. febrúar 1998 um ríkisaðstoð sem Þýskaland áformar að veita samkvæmt 26. rammaáætlun um sameiginlegan sjóð til að efla efnahagslega uppbyggingu á ákveðnum svæðum í því skyni að stuðla að aukinni fjarvinnu (teleworking) (sjá Stjtið. EB L 271, 21.10. 1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. nóvember 1998 þar sem því er lýst yfir að samfylking samrýmist sameiginlega markaðinum og framkvæmd EES-samningsins (mál nr. IV/M.1225 – Enso/Stora) (sjá Stjtið. EB L 254, 29.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. nóvember 1998 um aðgerðir þýska ríkisins til að styðja fyrirtækið InfraLeuna Infrastruktur und Service GmbH (sjá Stjtið. EB L 260, 6.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. desember 1998 um þýskan ríkisstyrk til fyrirtækisins Maschinenfabrik Sangerhausen (Samag) (sjá Stjtið. EB L 263, 9.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. desember 1998 um aðgerðir sem Írland hefur í hyggju að hrinda í framkvæmd í þágu vinnuveitenda í tengslum við almannatryggingagjöld fyrir sjómenn sem ráðnir eru til starfa í ákveðnum gerðum skipa sem ekki er skylt að skrásetja í aðildarríki (sjá Stjtið. EB L 257, 2.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. desember 1998 um þýska aðstoð í þágu fyrirtækisins Addinol Mineralöl og nýstofnaðs dótturfyrirtækis Addinol Lube Oil GmbH & Co. KG (sjá Stjtið. EB L 260, 6.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 1999 um ítalska aðstoð við fyrirtæki sem biðu tjón vegna gjaldþrots fyrirtækisins Sirap SpA (sjá Stjtið. EB L 269, 19.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 1999 um aðstoð sem Þýskaland hefur veitt í formi þróunaraðstoðar við Indónesíu í tengslum við smíði tveggja nýrra dýpkunarpramma í fyrirtækinu Volkswerft Stralsund og sölu þeirra til Pengerukan (Rukindo) (sjá Stjtið. EB L 259, 6.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. maí 1999 um þýskan ríkisstyrk til fyrirtækisins Dow/Buna SOW Leuna Olefinverbund GmbH (BSL) (sjá Stjtið. EB L 269, 19.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. júlí 1999 um ríkisaðstoð sem Spánn áformar að veita í þágu fyrirtækisins Brilén SA (sjá Stjtið. EB L 268, 16.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. júlí 1999 um aðgerðir sem Þýskaland áformar að hrinda í framkvæmd í þágu fyrirtækisins Neue Maxhütte Stahlwerke GmbH i.K (sjá Stjtið. EB L 259, 6.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. júlí 1999 um ríkisstyrk sem Þýskaland áformar að veita fyrirtækinu Saxonylon Textil GmbH (sjá Stjtið. EB L 268, 16.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. júlí 1999 um málsmeðferð vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2299/89 (tölvufarskráningarkerfi) (sjá Stjtið. EB L 244, 16.9.1999)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/82/EB frá 8. september 1999 um breytingu á viðauka við tilskipun ráðsins 75/318/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um staðla og aðferðarlýsingar fyrir efnagreiningar, lyfja- og eiturefnafræðileg próf og klínískar prófanir á sérlyfjum (sjá Stjtið. EB L 243, 15.9.1999)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/83/EB frá 8. september 1999 um breytingu á viðauka við tilskipun ráðsins 75/318/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um staðla og aðferðarlýsingar fyrir efnagreiningar, lyfja- og eiturefnafræðileg próf og klínískar prófanir á sérlyfjum (sjá Stjtið. EB L 243, 15.9.1999)

(*) Íslenska þýðingin á titlunum er til bráðabirgða.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. september 1999 um endurgreiðslu á virðisaukaskatti á óskattlagðar einingar og skattlagðar einingar í tengslum við starfsemi sem er undanþegin skatti vegna framkvæmdar á tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði (sjá Stjtið. EB L 245, 17.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. september 1999 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/652/EB um skrá og úthlutun verkefna sem hrinda á í framkvæmd innan ramma samvinnu aðildarríkjanna um vísindalega rannsókn í tengslum við vandamál sem varða matvæli (sjá Stjtið. EB L 249, 22.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. september 1999 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB um að draga úr áþreifanlegu eftirliti með sendingum tiltekinna vara frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 97/78/EB (sjá Stjtið. EB L 242, 14.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. september 1999 um breytingu á ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 92/260/EBE og 93/197/EBE að því er varðar dýraheilbrigðisskilyrði vegna tímabundins innflutnings til bandalagsins á skráðum hrossum frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum (sjá Stjtið. EB L 243, 15.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. september 1999 um viðurkenningu að meginreglu til á því að málgögnin sem lögð voru fram til ítarlegra rannsókna, í því skyni að fella hugsanlega L 91105D (karvón) inn í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna, séu í grundvallaratriðum fullnægjandi (sjá Stjtið. EB L 242, 14.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. september 1999 um breytingu á viðaukum við tilskipun 90/429/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af svínakyni (sjá Stjtið. EB L 242, 14.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. september 1999 um ítalskt frumvarp til laga um viðbótarákvæði vegna merkingar á drykkjarvörudósum sem opnaðar eru með hringflipa (sjá Stjtið. EB L 248, 21.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. september 1999 um breytingu á ákvörðun 1999/293/EB um ákveðnar verndarráðstafanir vegna blátungu (bluetongue) í ákveðnum hlutum Grikklands (sjá Stjtið. EB L 245, 17.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. september 1999 um staðfestingu á aðgerðum sem Belgía tilkynnti samkvæmt 6. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (sjá Stjtið. EB L 257, 2.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. september 1999 um breytingu á ákvörðun 1999/507/EC um tilteknar verndaraðgerðir hvað varðar leðurblökuhunda (fruit bats), hunda og ketti frá Malasíu (Peninsula) og Ástralíu (sjá Stjtið. EB L 255, 30.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. september 1999 um tilteknar verndarráðstafanir hvað varðar skráð hross frá Malasíu (Peninsula) (sjá Stjtið. EB L 255, 30.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. september 1999 um sameiginlega tæknilega reglugerð vegna tengikrafna fyrir TETRA aðgang að neyðarþjónustu (sjá Stjtið. EB L 255, 30.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. september 1999 um verndarráðstafanir hvað varðar díoxínmengun tiltekinna svínakjöts- og alifuglaafurða sem ætlaðar eru mönnum eða dýrum til neyslu (sjá Stjtið. EB L 253, 28.9.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. október 1999 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/693/EBE um gerð skrár yfir sæðingarstöðvar sem samþykktar eru til að flytja sæði úr nautgripum til bandalagsins frá þriðju löndum (sjá Stjtið. EB L 270, 20.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. október 1999 um aðra breytingu á ákvörðun 1999/293/EB um tilteknar verndaraðgerðir vegna blátungu (bluetongue) í ákveðnum hlutum Grikklands (sjá Stjtið. EB L 270, 20.10.1999)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. október 1999 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um skrá yfir fósturvísasöfnunarstöðvar og fósturvísaframleiðsluteymi sem viðurkennd eru í þriðju löndum til að flytja nautgripafósturvísu til bandalagsins (sjá Stjtið. EB L 270, 20.10.1999)

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

99/EES/47/10

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB L 81, 26.3.1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB. L 100, 19.4.1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
1999-0434-UK	Forskriftir um aðgengi að almennum samgöngufarartækjum Forskriftir um almenn samgöngufarartæki (ástand, búnaður, notkun og vottun)(breyting) 1999	15.12.1999
1999-0435-F	87. gr. í lögum nr. 99-574 frá 9. júlí 1999 um leiðbeiningar fyrir landbúnaðinn. Drög að fyrirmælum um notkun á hugtakinu „fjall“	16.12.1999
1999-0436-F	Fyrirmæli um nauðsynlegar greiningaraðferðir til að hafa eftirlit með samsetningu snyrtivara	15.12.1999
1999-0437-NL	Reglugerð um aðra breytingu á reglugerð frá 1997 um mjólk og mjólkurvörur	21.12.1999
1999-0438-D	Fjórði millirikjasamningurinn um breytingu á millirikjasamningi er fjallar um útvarpslögjöf	24.12.1999
1999-0439-DK	Fyrirmæli um skotvopn og skotföng, o.s.frv.	17.12.1999
1999-0440-FIN	Reglugerð um vörur úr eðalmálmum	17.12.1999
1999-0441-FIN	Lög um vörur úr eðalmálmum	17.12.1999
1999-0442-NL	Reglugerð um reglur um timbur sem er fúavarið með kreósóti (reglugerð um timbur varið með kreósóti samkvæmt lögum um efni sem geta skaðað umhverfið)(Wms)	28.12.1999
1999-0443-B	Konunglegur úrskurður um samhliða innflutning og samhliða dreifingu á lyfjum sem ætluð eru mönnum	22.12.1999
1999-0444-F	Drög að fyrirmælum um skyldubundna framkvæmd á stöðlum	23.12.1999

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
1999-0445-NL	Úrskurður um breytingu á úrskurði um fólksflutninga í tengslum við afnám reglna um flutninga með leigubifreiðum (CDJZ/WVW/1999-808)	27.12.1999
1999-0446-NL	Reglugerð um flutninga á svinum	27.12.1999
1999-0447-NL	Frumvarp til laga um aðlögun á lögum um tóbak að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/43/EBE frá 6. júlí 1998 um gagnkvæma samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á sviði auglýsinga og kostun á tóbaksvörum (Stjtið. EB L 213)	28.12.1999
1999-0449-UK	MPT 1403: Lýsing á tæknieiginleikum stafræns radióendurvarpsbúnaðar og lofnets sem starfrækt eru á tíðnisviðinu 14,25 GHz til 14,5 GHz	27.12.1999
1999-0451-UK	MPT 1707: Lýsing á tæknieiginleikum stafræns radióendurvarpsbúnaðar með miðlungs eða mikla afkastagetu sem starfræktur er á tíðnisviðinu 7425-7900 MHz	27.12.1999
1999-0453-UK	MPT 1726: Lýsing á tæknieiginleikum stafræns radióendurvarpsbúnaðar með mikla afkastagetu sem starfræktur er á tíðnisviðinu 5925-6425 MHz	27.12.1999
⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á dómi frá 30. apríl 1996 í málinu „CIA Security“ (C-194/94) þar sem dómstóllinn úrskurðaði að túlka bæri 8. og 9. gr. tilskipunar 83/189/EBE á þann hátt að einstaklingar geti skírskotað til þeirra fyrir innlendum dómstól og að dómstólnum bæri skylda til að að neita að beita innlendra tæknilegri reglugerð sem ekki hefði verið tilkynnt samkvæmt tilskipuninni.

Þessi dómur staðfestir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4).

Því leiðir brot á tilkynningarskyldunni til þess að viðkomandi tæknilegar reglugerðir gilda ekki og því er ekki hægt að framfylgja þeim gagnvart einstaklingum.

Nánari upplýsingar um tilkynningarnar fást hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins C 324, 30. október 1996.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Á þessu tímabili er ekki heimilt að samþykkja drög.

⁽³⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki sem tilkynningarríkið bar fyrir sig.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem ráðstöfunin varðar tækniforskriftir eða aðrar kröfur í tengslum við skatta- eða fjármálaráðstafanir samkvæmt 3. lið 2. mgr. 9. tl. 1. gr. í tilskipun 83/189/EBE.

⁽⁵⁾ Upplýsingameðferð lokið.